



**Fornleifaskráning
vegna mats á umhverfisáhrifum
framkvæmda við Norðfjarðarveg og
Norðfjarðargöng**



Grjóthlaðin rétt í landi Fannardals

Ljósmynd Jóhann Zoëga

**Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga**

2007/69



© Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga
Bygðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2007/69

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR	3
NORÐFJÖRÐUR - FORNLEIFASKRÁ	5
SKORRASTAÐUR – ÁGRIP AF SÖGU	5
FORNLEIFASKRÁ	6
SKÁLATEIGUR – ÁGRIP AF SÖGU	10
FORNLEIFASKRÁ	11
KIRKJUBÓL – ÁGRIP AF SÖGU	12
FORNLEIFASKRÁ	13
HÓLAR – ÁGRIP AF SÖGU	17
FORNLEIFASKRÁ	17
TANDRASTAÐIR – ÁGRIP AF SÖGU	20
FORNLEIFASKRÁ	20
FANNARDALUR – ÁGRIP AF SÖGU	22
FORNLEIFASKRÁ	23
ESKIFJÖRÐUR - FORNLEIFASKRÁ	32
ESKIFJÖRÐUR – ÁGRIP AF SÖGU	32
FORNLEIFASKRÁ.....	33
SAMANTEKT	38
FORNLEIFAR Í OG VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	39
LOKAORÐ	42
HEIMILDASKRÁ	44
VIÐAUKI – HNITALISTI, KORT OG HELSTU MINJAFLOKKAR	46

Myndaskrá

<i>MYND 1. HÁLSHÚSTÆTTUR FYRIR MIÐRI MYND. KIRKJUBÓL Í BAKSÝN</i>	7
<i>MYND 2. HORFT TIL NORÐAUSTURS YFIR BÆJARSTÆÐI EFRI-SKÁLATEIGS</i>	10
<i>MYND 3. SUNDLAUG VIÐ FÉLAGSSVÆÐI HESTAMANNAFÉLAGSINS BLÆS</i>	13
<i>MYND 4. MÓGRAFIR VESTAN KIRKJUBÓLSÁR</i>	16
<i>MYND 5. BÆJARSTÆÐI ESKIFJARÐAR</i>	32

Inngangur

Vegna væntanlegrar gangnagerðar milli Eskifjarðar og Norðfjarðar fór Vegagerðin fram á að Byggðasafn Skagfirðinga tæki að sér skráningu fornleifa í tengslum við framkvæmdirnar. Skv. lögum um umhverfisáhrif frá 2000 nr. 106, (viðauki. iii, c) ber að taka tillit til minja innan 100m frá framkvæmdasvæði.

Við skráninguna var stuðst við fornleifaskráningaskýrslur Safnastofnunar Austurlands vegna minja í Norðfirði og Byggðasafns Skagfirðinga vegna minja í Eskifirði. Dagana 7-9 október 2007 var afmarkað rannsóknarsvæði (sjá yfirlitsmynd í viðauka) gengið og minjar þar mældar upp og skráðar. Skráðar voru minjar í landi 7 jarða, Skorrastaðar, Skálateigs, Kirkjubóls, Hóla, Tandрастаða og Fannardals í Norðfirði og Eskifjarðar í samnefndum firði. Skráningunni ber að taka með þeim fyrirvara eð ekki lágu fyrir endanlegar veglínur, áætluð haug- eða efnistökusvæði, girðingarstæði eða önnur vinnusvæði og því var ekki hægt að meta fjarlægð fornleifa frá slíkum svæðum.

Um heimilda- vettvangsvinnu og skýrslugerð sáu Bryndís Zoëga landfræðingur og Guðný Zoëga fornleifafræðingur. Sérstakar þakkir eru færðar heimildamönnum okkar þeim Hálfðani Haraldssyni, Jóni Bjarnasyni, Jóhanni Zoëga og Reyni Zoëga á Norðfirði og Geir Hólmi á Eskifirði. Þrír hinir síðasttöldu aðstoðuðu auk þess við vettvangsvinnuna.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mórgröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist óvænt á fornleifar, sem svo þarf að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem unnin er undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þar sem að fornleifaskráning hafði farið fram í Fjarðabyggð var stuðst við þá skráningu við vinnuna.

Númer fornleifa

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Fannardalur 158152, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá (1847)¹, 96 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar; bæjarstæði Fannardals væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Fannardalur - 158152-96-1.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Lega minjanna er svo færð inn á loftmynd sem Vegagerðin lét í té.

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Stundum eru fornar minjar horfnar, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornleifarnar sérnafn, t.d. Hálshús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Staðsetning

Nákvæm staðsetning minja er skráð þegar það er hægt. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Einnig er reynt meta mögulegar afleiðingar áhættuþátta á fornleifarnar og, þar sem við á, benda á mögulegar mótvægisáðgerðir. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir/heimildamenn

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Við skráningu á vettvangi er leitað til heimildamanna eða þeirra sem gerst þekkja landsvæðið sem skráð er og er þeirra getið við viðeigandi skráningar.

Norðfjörður - fornleifaskrá

Skorrastaður – ágríp af sögu

Skorrastaður var kirkjustaður og prestsetur í Norðfirði frá því á 14. öld en fyrst er getið um presta þar um eða eftir 1200. Þar var prestsetur allt til 1894 en þá fluttist presturinn að Nesi. Tveimur árum síðar var kirkjan svo einnig flutt að Nesi eftir að Skorrastaðarkirkja skemmdist mikið í ofviðri. Meðan Skorrastaður var kirkjustaður, þá heyrðu undir hana fimm bænhús og hálfkirkja. Hálfkirkjan var í Hellisfirði og bænhús í Sandvík og á Barðnesi en ekki er vitað hvar hin bænhúsin stóðu.²

Jörðin var metin 40.9 hdr. 1861 en þá með hjáleigunni Seldal. Þar er fornt mat jarðarinnar sagt 12 hundruð³ og þá hundruðstölu er einnig að finna í Jarðatali Johnsens frá 1847 en þar eru 3 hundruð af dýrleikanum talin í hjáleigunni.⁴

Afbýli voru nokkur í landareigninni. Á mörkum við Skálateig voru með stuttu millibili afbýlin Stóragerði, Litlagerði, Miðgerði og Efstagerði. Auk þess voru afbýlin Götutættur, Sólheimar, Sel, sem síðar varð jörðin Seldalur og Búlandsborg sem síðar varð sérstök jörð.⁵ Í Jarðabók Skúla Magnússonar 1780 eru Borgir og Stóragerði taldar hjáleigur frá Skorrastað, og 1804 er Sel kallað eyðijörð.⁶

Nú er jörðinni skipt niður í þrjá hluta, Skorrastað I-III.

Náttúrufar og jarðabætur

Jörðin var sæmileg til búskapar fyrrum, góðir sumarhagar og góðar engjar. Skorrastaður átti ýmis hlunnindi svo sem lambarekstur í Fannardal, skóg í landi Fjarðar, Mjóafirði, skipastöðu á Nesi auk fjórðungs hlut í Sandvíkurreka.⁷ Í Sveitum og jörðum segir: „Heimalandið er aðeins 1400m breitt eftir þjóðveginum. Neðst við Norðfjarðará voru þurrlendir árbakkar, ofar votlend og flatlend blá. Á þessu svæði voru sums staðar grasgefnar engjar, slegnar árlega og víða sléttar. Skammt neðan við bæjarhús fer landið lítið eitt hækkandi. Þar var gamla túnið, kargapýft og hólótt en grasgefnið og jarðdjúpt milli hóla”.⁸ Jörðin er vel fallin til ræktunar sem og stórgriparæktunar, hlunnindi af silungsveiði en móttak slæmt. Gott afréttarland var á Oddsdal.⁹

² Ögmundur Helgason 1983, 17.

³ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 143.

⁴ *Jarðatal Johnsens* 1847, bls 373.

⁵ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi*, bls. 32, Ólafur Olavíus, 143.


⁶ Hálfðan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit

⁷ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi*, 32.

⁸ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi*, 33.

⁹ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III bindi*, 34.

Skorrastaður – fornleifaskrá



Skorrastaður 158171 93-1

Sérheiti: Hálshús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741270,30 N:523041,52

Ástand: Gott, hleðslur eru grónar en standa vel

Hættumat: Mikil hætta, Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Jón Bjarnason

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús” (ÖSK, 4). Um húsin segir í Sveitum og jörðum: „Beitarhús: Á Staðarhálsi fram undir ´60“ (SJM, 34).

Tóftirnar eru þrjár, staðsettar í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólsá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Stærsta tóftin er tvískipt tóft fjárhúss og hlöðu.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, hún er 20x7m að utanmáli. Nyrðri tóftin er af fjárhúsi, um 8x3m að innanmáli, liggur garði eftir miðju húsinu. Dyr hafa verið á fjárhúsinu til norðurs. Hlöðutóft er áföst sunnan við um 3x5m að innanmáli. Inngangur hefur verið um garðann milli fjárhúss og hlöðu. Mesta breidd veggja er 2m og hæð 1,7m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir húsin hafa tekið 60 fjár. Slegið var á Hálsinum áður en heimatún voru slegin og heyið haft í hlöðunni. Húsin munu byggð á eldri beitarhúsatóftum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.



Mynd 1. Hálshústættur fyrir miðri mynd. Kirkjuból í baksýn. Ljósmynd. GZ.

Skorrastaður 158171 93-2

Sérheiti: Hálshús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741252,948 N: 523038,212

Ástand: Gott, hleðslur eru grónar en standa vel

Hættumat: Mikil hætta, Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Jón Bjarnason

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús”. (ÖSK, 4). Um húsin segir í Sveitum og jörðum: „Beitarhús: Á Staðarhálsi fram undir ’60.“ (SJM, 34).

Tóftirnar eru þrjár, staðsettar í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólsá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Vestast er tóft af fjánhúsi.

Lýsing

Tóftin er 7x11 m að utanmáli og snýr norður/suður. Dyr hafa snúið mót norðri. Veggir eru um 1m á þykkt og um 1,7m á hæð.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir húsin hafa tekið 30-40 kindur og verið nokkuð eldri en austara fjánhúsið [158171 93-3].

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Skorrastaður 158171 93-3

Sérheiti: Hálshús

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741289,01

N:523039,50

Ástand: Gott, hleðslur jarðsokknar en heilar

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Jón Bjarnason

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús.” (ÖSK, 4). Um húsin segir í Sveitum og jörðum: „Beitarhús: Á Staðarhálsi fram undir '60.“ (SJM, 34).

Tóftirnar eru þrjár, staðsettar í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólsá, rúmlega 800m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli. Austust tóftanna þriggja er kofatóft sem virðist eldri ein hinar tóftirnar.

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli, snýr nna/ssv og hafa dyr snúið til nna. Veggir eru um 70cm þykkir og 40cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður man ekki eftir þessari tóft.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Skorrastaður 158171 93-4

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 741266,99 N:523027,25

Ástand: Gott, gatan er greinileg á kafla

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús” (ÖSK, 4). Til austurs frá Hálshúsum er gata sú sem líklega hefur legið heiman frá bæ að beitarhúsunum. Hún er vel greinanleg á 140m kafla en hverfur svo í gróður.

Nánari lýsing

Austurendi götu:

A741402,56/N522999,73

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands.

Skorrastaður 158171 93-5

Hlutverk: Kofi/Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 740753,39

N:523136,95

Ástand: Gott, vegghleðslur eru lágar en greinilegar

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins


Staðhættir

Kofatóft liggur 500m vestur af Háls-húsum og um 130 m suður af Norðfjarðará frami á bakka sunnan árinna.

Lýsing

Tóftin liggur norður/suður og hafa dyr verið í norður. Hún er 4x6m að utanmáli og mjög gróin og sjást hvergi steinar í hleðslu. Hæð vegghleðslu er um 50cm og þykkt um 1m.

158171 93-5



5m

Skálateigur – ágríp af sögu



Mynd 2. Horft til norðausturs yfir bæjarstæði Efri-Skálateigs. Gamli bæjarhóllin mun hafa verið í kverkinni vinstra megin við heimreiðina. Ljós. GZ.

Árið 1703 var Skálateigur ein jörð en 1816 voru þar tvö býli, Efri-Skálateigur, heimajörð en Neðri-Skálateigur hjáleiga. Sama skipting er í Jarðatali Johnsens 1847. Á fyrri hluta 20. aldar var svo heimajörðinni skipt upp í tvö býli.¹⁰

Jörðin var fyrrum í eigu Hólmakirkju í Reyðarfirði. Hún var að fornu mati 9 hdr. en 3 hundruð voru talin í hjáleigunni.¹¹ Árið 1861 var matið hinsvegar 11.2 hdr. fyrir heimajörð og hjáleigu.¹²

Afbýli frá Efra-Skálateigi voru Neðri-Skálateigur, Skálateigsnes, Loftsgerði, Mið-Skálateigur, Litla- og Stóra- Loftsgerði. Mið-Skálateigs er getið í sálmregistri, kann að vera Efri Skálateigur II sem stofnað var úr Efri-Skálateigi um miðja 19. öldina.¹³ Gerði er örnefni í Skálateigslandi en engar heimildir eru um býli þar og engin merki um fornleifar.

Náttúrufar og jarðabætur

Tún voru allgóð en lítil, heyskapur sæmilegur, engjar góðar en útigangur enginn. Í Sveitum og jörðum segir: “Ofan við [Norðfjarðarárþakka] tekur Skálateigsland við,

¹⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, 37.

¹¹ Jarðatal Johnsens, 1847, 373.

¹² Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, 143.

¹³ Ögmundur Helgason, 2006, 40-41.

fyrir votlend blá, sem nú hefur verið þurrkuð og ræktuð. [...] Engjar í blánni voru votar, en samfelldar, greiðfærar og fremur grasgefnar. Skammt ofan við veg liggur marbakki forn út og fram, melabrunir og kollar, en gróin gil og lautir á milli [...]. Hús og hin eldri tún uppi á brúnunum [...] engjar ofan bæjar, litlar, blautar sumar, reytingssamar, grýttar víða, en nokkuð grasgefnar. [...] Gömlu túnin á Skálateigsbýlunum voru lítil [...] öll jarðgrunn. Engjar voru miklar og góðar á sléttlendinu og yfirleitt greiðfærara til sláttar og sumar véltækar.

Skálateigur - fornleifaskrá

Neðri-Skálateigur 158164 98-1

Sérheiti: Neðri-Skálateigur

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 743453,23 N:523794,03

Ástand: Horfið, en minjar kunna þó að leynast neðanjarðar

Hættumat: Hætta vegna þess að bæjarhóllinn er innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis

Heimildamaður: Hálfðan Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Bæjarlækinn er Gamlibær (tættur) og síðan Gamlabæjarmýri að Hrossagilslæk.“(ÖS,1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni stóð gamli bærinn vestan bæjarlækjar, í króknum vestan við heimreiðina að Efra-Skálateigi. Hann var síðar fluttur þar sem fjárhús í Neðra-Skálateigi eru nú og síðar upp á melinn þar sem íbúðarhúsið stendur í dag.

Aðrar upplýsingar

Nákvæm útmörk hólsins eru ekki kunn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skálateiga (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir Magnúsi Guðmundssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Neðri-Skálateigur 158164 98-2

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 1995 segir: „Heimild um garðlag. Mun hafa verið á jafnsléttu u.þ.b. þar sem lögrétt sveitarinnar er nú. Torfhlaðinn hringur, stærð ókunn. Björn Björnsson, eldri, ljósmyndari og kaupmaður á Bakka mun hafa hlaðið/látið hlaða hringinn til að tjalda inni í og hafa af honum skjól. Sést ekki lengur, hefur verið ýtt burtu.“ (Fornleifaskráning í Norðfirði, 1995).

Heimildaskrá

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands

Kirkjuból – Ágrip af sögu

Kirkjubóls er fyrst getið í kaupbréfi frá 1551 og var jörðin þá í bændaeign.¹⁴ Kirkjuból er í Jarðatali Johnsens metin á 9 hdr. og þá enn bændaeign.¹⁵ Samkvæmt nýju jarðamati frá 1861 er hún metin á 16,5 hundruð.¹⁶

Um nafngift jarðarinnar eru nokkur áhöld því hvorki geta heimildir kirkju né bænhúss á Kirkjuból. Í Vilchins máldaga frá 1397 segir: „fiskveide i Helluhyl til mots vid Kirklækinga. Hana selldi Sorli af Skuggahlid og a stadurinn tvo hluti firri þat land oc gaf Hilldibrandur stadnumm.“¹⁷ Þarna kemur fram nafnið Kirkjulækur sem óvíst er hvort er misritun eða hvort það sé eldra nafn jarðarinnar. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags ritar Ólafur Lárusson um bæjarnafnið Kirkjuból. Telur Ólafur líklegast að um misritun á nafninu sé að ræða í Vilchinsmáldaga, sem aðeins er til í afritum, og bendir á að í máldögum Gísla biskups Jónssonar (1575) sé ritað „Kirkbælingar“ og einnig í Visitasiu Skorrastaðakirkju frá 1645.

Fornbýlið Ásmundarstaðir eru í landi Kirkjubóls og á, skv. þjóðsögum að hafa verið kirkjustaðir. Býlisins er getið sem hjáleigu í eyðibýlaskrá Olavíusar en þar sagt í landi Hóls (líklega Hóla) og hafa farið í eyði 1756.¹⁸ Einhver misskilningur hlýtur að vera þar á ferð en minjar með því nafni eru ekki þekktar í landi Hóla. Ólafur Lárusson telur sennilegt að Ásmundarstaðir séu hið forna bæjarstæði Kirkjubóls og skýri það nafngift jarðarinnar og styrki munnmælasögu um kirkju á Ásmundarstöðum.¹⁹

Árið 1999 var gerð minniháttar fornleifarannsókn á Ásmundarstöðum og kom í ljós að þar hefur verið byggð þegar á 10. öld og allt fram á 15-17 öld.²⁰ Hinsvegar fundust ekki órækar sannanir fyrir kirkju enda um takmarkaða rannsókn að ræða.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Sveitum og jörðum segir: „Kirkjubólsland er mjög gróðursælt. Engjar voru bæði þurrar, votar og hálfdeigjur, spruttu vel og sumar véltækar. Þar eru ræktunarskilyrði ákjósanleg, en eru nú mjög gengin til þurrðar sem víðast í Norðfjarðarsveit, enda ekki allt undirlendið til ræktunar fallið, því að innan við bæ liggur Kirkjubólsteigur frá fjalli og niður í Norðfjarðará. Teigurinn er hærri en landið utan við og sennilega myndaður af framhlaupum úr fjallinu.“²¹

Landamerki

Í Sveitum og jörðum segir: „Jörðin er innan við miðja Norðfjarðarsveit og ytri landamörk við Merkilæk af fjalli neðst í brekkur og síðan í beina stefnu á klett í Melshorni við Selá, en hin innri við Stekkvallará frá Norðfjarðará upp í foss við Stórhól og þaðan beint á eggjar. Norðfjarðará ræður að neðan (sunnan) Landið er tæpa 2km á breidd neðan fjalls“.²²

¹⁴ Íslenskt fornbréfasafn, XII, 315.

¹⁵ Jarðatal Johnsen (1847), 373.

¹⁶ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 143.

¹⁷ DI IV, 226.

¹⁸ Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, 143.

¹⁹ Ólafur Lárusson (1937-39), 41-42.

²⁰ Guðný Zoëga og Mjöll Snæs dóttir, óbirt rannsóknarskýrsla, 1999.

²¹ Sveitir og Jarðir III, 42.

²² Sveitir og Jarðir III, 42.

Kirkjuból - fornleifaskrá



Mynd 3. Sundlaug við félagssvæði hestamannafélagsins Blæs. Ljósm. GZ.

Kirkjuból 158160 99-1

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 742138,17 N: 523404,14

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Mikil hætta, sundlaugin liggur innan rannsóknarsvæðisins auk þess að vera nærri vegi og athafnasvæði hestamannafélagsins

Heimildamaður: Hálfðan Haraldsson

Staðhættir

Sundlaugin var um 100m vestur af félagsheimili hestamannafélagsins Blæs í kverkinni milli vegarins sem liggur inn Fannardal og vegar þess sem liggur niður að félagssvæði hestamannafélagsins.

Lýsing

Stærð sundlaugarinnar hefur verið um 25x13m. Hlaðið hefur verið fyrir læk með um 6m löngu garðlagi. Mesta breidd veggjar er um 1m og hæð um 1,5m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður segir sundlauginna hafa verið notaða til sundkennslu en eftir að ungur piltur drukknaði þar var hleypt úr henni.

Kirkjuból 158160 99-2

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 741694,12 N: 523361,72

Ástand: Gott á þeim hluta vegarins sem sést

Hættumat: Mikil hætta, veghlutinn er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Um 300m ssv af íbúðarhúsi á Kirkjubóli og 60m vestur af Kirkjubólsá neðan vegar þess er liggur inn Fannardal, er hluti gamla vegarins. Í Sveitum og jörðum segir að allir bæir í sveitinni hafi verið komnir í vegasamband rétt fyrir 1960 (SJM, 18). Óvíst er um aldur þessa vegar.

Lýsing

Á þeim kafla sem vegurinn sést er hann upphlaðinn, um 3. m breiður, grasi gróinn, á um rúmlega 60m kafla.

Kirkjuból 158160 99-3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741688,68 N: 523390,10

Ástand: Sæmilegt, veggir eru nokkuð hrundir en vel greinanlegir

Hættumat: Mikil hætta, Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins



Staðhættir

Tæplega 330m suðvestur af íbúðarhúsi á Kirkjubóli, rúmlega 30m neðan vegar þess sem liggur inn Fannardal og 75m austur af Kirkjubólsá er fjárhús- og hlöðutóft.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður-suður og er hlaðan norðan við.

Utanmál ca. 12 x 6m Suðurgafli í fjárhúsi hefur verið úr timbri. Veggir eru um metri á þykkt og vegghæð um 50cm.



Kirkjuból 158160 99-4

Hlutverk: Óþekkt, heytóft ?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741545,134 N: 523364,353

Ástand: Gott, veggir eru vallgrónir og jarðsokknir

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Tóft liggur um 380m neðan (suðvestan) Kirkjubólsbæjar í kjarmóa fast neðan túns innan Kirkjubólsár, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal.

Lýsing

Tóftin er um 8x5m að utanmáli og snýr norður-suður. Sunnan við er greinileg tóft um 3,5x2,5m að innanmáli og hafa dyr verið í suður. Norðan hennar er svo upphækkun og má greina á henni tóftarlag en sú tóft er virkjameiri og yngri að sjá og má vera að heytóft hafi verið hlaðin í eldri útihúsatóft. Heytóftin snýr austur-vestur en ekki er hægt að sjá á henni dyr, hún hefur verið um 3x1,5m að innanmáli. Veggir syðri tóftarinnar eru um 70cm á breidd og rétt um 40cm

á hæð en ekkert grjót sést í þeim og er mosi og lyng farið að vaxa í veggjum hennar. Nyrðri tóftin er nokkuð hærri og á henni vex einungis gras.

Kirkjuból 158160 99-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741492,614 N: 523343,085

Ástand: Gott, veggir eru vallgrónir og jarðsokknir


Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir


Um 430m neðan (suðvestan) Kirkjubólshæjar í kjarmóa fast neðan túns innan Kirkjubólshæjar, um 20m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60m vestur af tóft [158160 99-4] er kofatóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur, er orðin nokkuð jarðsokkin og vaxin lyngi. Hún er um 3x1m að innan máli, dyr hafa verið í austur. Veggir eru einungis um 30cm háir og um 50cm breiðir.



Kirkjuból 158160 99-6



Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 741444,313 N: 523342,522

Ástand: Gott, veggir eru vallgrónir og jarðsokknir

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Um 470m neðan (suðvestan) Kirkjubólshæjar í kjarmóa fast neðan túns innan Kirkjubólshæjar, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60m vestur af kofatóft [158160 99-5] er tóft.

Lýsing

Tóftin er um 3,5x2m að innanmáli og virðast dyr hafa verið við suðaustur horn. Tóftin snýr austur-vestur og eru veggir um 30cm á hæð og um 50cm þykkir. Lyng og mosi vex í veggjum og hvergi sést grjót í hleðslu.

Kirkjuból 158160 99-7

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag


Staðsetning: A: 741399,328

N: 523366,527

Ástand: Slæmt, veggurinn sem enn stendur er heillegur en stærsti hluti réttarinnar er kominn undir veg

Hættumat: Mikil hætta, réttin er innan rannsóknarsvæðisins auk þess að vera við vegbrún

Heimildamaður: Hálfan Haraldsson



Staðhættir

Um 490m neðan (suðvestan) Kirkjubólshæjar í hvammi neðan túns innan Kirkjubólshæjar, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal og um 60m vestur af tóft [158160 99-6] er garðlag sem munu vera leifar réttar sem hvarf að hluta þegar vegurinn var lagður inn Fannardal.

Lýsing

Garðlagið er hlaðið upp við hvambrekkuna sem myndað hefur austurhlið réttarinnar. Garðlagið liggur til vesturs frá brekkunni á um 7m kafla og beygir svo til

Kirkjuból 158160 99-8

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Svarðargrafir

Staðsetning: A: 741662,272 N: 523338,166

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta, mógrafirnar eru innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Austan svokallaðs Mógrafarhyls í mýri neðan við veg inn í Fannardal um 110m vestur af Kirkjubólshæjar, vestan fjárhús- og hlöðutóftar [158160 99-3] eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar liggja á svæði sem er um 50m frá austri til vesturs og um 30m frá norðri til suðurs. Hluti grafanna er fylltur með vatni. Mógrafir kunna einnig að hafa verið neðar, nær ánni en áin hefur brotið hluta þess svæðis.



Mynd 4. Mógrafir vestan Kirkjubólshæjar. Ljósmynd Jóhann Zoëga.

Hólar – ágríp af sögu

Hólar voru í bændaeign og að fornu mati 12 hdr. með hjáleigunni Tandrastöðum.²³ Árið 1861 er jörðin 18,3 hdr. án hjáleigunnar samkvæmt nýju jarðamati, en hjáleigan metin sér á 3 hdr.²⁴ Í Ferðabók Olavíusar segir hann fornbylíð Ásmundarstaði vera hjáleigu frá Hóli sem líklega er misritun fyrir Hóla.²⁵ Rústir fornbylís sem kallað er Ásmundarstaðir er í landi Kirkjubóls en það örnefni er ekki þekkt í Hóla landi.

Á Hólum var stundum tví- og þríbýlt. Jörðin fór í eyði 1942 og þar hefur ekki verið búið síðan.²⁶ Nú stendur sumarbústaður í túni Hóla, nokkru neðar en gamla bæjarstaðið.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Sveitum og jörðum segir „engjar voru í fjalli sunnar, en aðrar í þýfðum tjarnargörðum í neðra landi vöxnum töðugresi, einnig mýrar. Ræktun er erfið og dýr. Óræktaðir eru nokkrir blautir hvammar, en annað land grýtt og leirborið.“²⁷ og í Búskaparannál er engjum svo lýst „Langsóttar sumar engjar um ógreiðan veg, aðrar nærtækar, ósamfelldar, greiðfærar, þurrar, heygóðar, mikið beitiland og gott, snjóþungt í harðindum, annars snjólétt. Ágætt upprekstrarland sunnan ár.“²⁸

Hólar - fornleifaskrá

Hólar 158157 100-1

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Ástand: Fannst ekki við skráningu, líklega horfinn

Staðhættir

Í Fornleifaskrá Norðfjarðar segir: „Við Heimalækinn alveg niður við veg. Ferköntuð girðing, hlaðin úr torfi, grjót sést ekki, innmál ca. 10 x 8 m. Vírgirðing gæti hafa verið ofan á.“ (Fornleifaskráning í Norðfirði, 39).

Lýsing

Ekki fundust nein merki um garðlög á þessum stað. Landslag er nokkuð breytt í heimatúninu þar sem búið er að reisa þar sumarbústað og leggja að honum heimreið.

Heimildaskrá

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Hólar 158157 100-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 739605,974 N: 523566,321

Ástand: Sæmilegt, hleðslur eru lágar og veggjalög fremur ógreinileg

²³ Jarðatal Johnsen (1847), 373.


²⁴ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 143.

²⁵ Ólafur Olavíus, 143.

²⁶ Sveitir og Jarðir, III, 45.

²⁷ Sveitir og jarðir, III, 45.

²⁸ Sveitir og jarðir, III, 44-45.



Hættumat: Tóftirnar eru innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í móa um 17m neðan við veg þann sem liggur inn Fannardal og um 70m suður af steyptum grunni íbúðarhúss á Hólum er tóft.

Lýsing

Tóftin er jarðsokkin, um 3x6m að utanmáli. Veggir eru um metri á þykkt en einungis um 30cm á hæð. Engar dyr eru sjáanlegar og kann þetta því að vera heytóft.

Hólar 158157 100-3

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Hálfan Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Utan frá Króahrauni og inn að Hólalæk heita Eyrar með ánni, neðan við Bringurnar. Innst á Eyrunum er fjárrétt, nefnd Hólarétt.“ (ÖH, 2). Heimildamaður segir réttina hafa verið undir Naumamelnum að utan en hafi horfið undir skriður sem runnið hafa úr melnum.

Lýsing

Réttin fannst ekki við skráningu 2007.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Hólar 158157 100-4

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 738857,30

N: 523513,21

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Tóftirnar eru innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita- og jarða segir: „Beitarhúsatættur á Hólaströnd.“ (SJM, 45).


Á Hólaströnd sunnan Norðfjarðarár, gegnt Naumamel tæplega 30m suður af árbakka Norðfjarðarár eru tóftir beitarhúsa.

Lýsing

Tóftin er 5x12m að utanmáli og snýr hún nálega nna/ssv.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.



Hólar 158157 100-5

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Stekkvallará rennur eftir gili, sem nefnist Stekkvallarágil. Framan við það, með Norðfjarðaránni, eru Melar og þá Ytri- og Innri-Stekkjareyri. Upp af Innri-Stekkjareyri er nefndur Stekkur. Á honum er stekkjartótt.“ (ÖH, 1).

Lýsing

Stekkjartóftin fannst ekki við skráningu 2007.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hóla (1931). Eyþór Þórðarson skráði en Sigfús Þorsteinsson safnaði örnefnum. Örnefnastofnun Íslands.

Hólar 158157 100-6

Sérheiti: Króarhraun

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 739472,120 N: 523584,606

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Einföld grjóthleðsla er á hólbungu 280m suðaustur af gamla bæjarstæði Hóla og um 6m niður af vegi inn Fannardal.

Lýsing

Á hólnum má greina nálega hringlaga einfalda grjóthleðslu um 1,5x1,5m að ummáli. Ekki er hægt að greina hvort að þetta eru leifar tóftar (króarinnar sem hraunið tekur nafn sitt af?) en hóllinn er mjög gróinn.

Tandrastaðir – Ágrip af sögu

Tandrastaðir voru hjáleiga frá Hólum samkvæmt jarðatali Johnsen og segir neðanmáls að sýslumaðurinn telji jörðina 3 hdr. af dýrleika Hóla.²⁹ Í Jarðabók frá 1861 er dýrleiki sagður 5,7 hdr. og virðist jörðin þá komin í bændaeign.³⁰

Jörðin er ekki tilgreind í manntali 1703 en er komin í manntal 1835 en þá búa þar Sigfús Vilhjálmsson og kona hans Ingibjörg Skúladóttir ásamt fimm börnum.³¹ Síðasti ábúandi á Tandrastöðum var Magnús Guðmundsson og bjó þar á árunum 1935-1936. Síðan hefur jörðin verið í eyði.³²

Náttúrufar og jarðabætur

Í Sveitum og jörðum segir: „Landið er nær allt í fjöllum báðum megin Norðfjarðarár. Að norðan eru með ánni grýttar eyrar innan frá mörkum og út að Naumamel í landi Hóla, en melurinn ásamt Hólahólum lokar dalnum utan við mörkin.“ síðar segir um túnið: „Túnið er lítið og jarðgrunnt en spratt vel, engjar blettir í kjarrlendi og meðfram lækjum, dalaýrar í fjöllum og auk þess fyrr á eyrunum í Tandрастаðahvammi niðri undir ánni, þar sem nú stendur sumarbústaður.“³³

Tandrastaðir -fornleifaskrá

Tandrastaðir 158179 101-1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: A: 738214,93 N:
524154,93

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta en bæjarhóllinn er rétt 10m utan afmarkaðs rannsóknarsvæðis


Heimildamaður: Hálfán Haraldsson

Staðhættir

Bæjarstæðið stendur austan við Tandрастаðaá um 170m norður af veginum í Fannardal og tæplega 70m suðvestur af sumarbústað Tandрастаðaeigenda. Samkvæmt heimildamanni var Tandрастаðabærinn fyrst undir Naumamelnum að utan en hann sést ekki lengur þar sem skriður hafa fallið úr melnum.

Lýsing

Í Fornleifaskráningu frá 1995 segir: „Framhlið snýr mót suðri. Bæjardyri eru ca. 2-3 x4m að innmáli. Grjóthleðslur standa þar í um 50-100sm hæð. Torfveggur á þrjá vegu en timburpil hefur snúið fram Göng (3.5 x 0.8m) frá bæjardyrum til baðstofu t.v. og eldhúss t.h. Baðstofa (2,7x1,4m), veggheðslur standa mjög vel. Fjós var áður þar



²⁹ Jarðatal Johnsen, 373.

³⁰ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, 143.

³¹ Heimasiða Þjóðskjalasafns Íslands: skjalasafn.is/manntol. Skoðað þann 13. desember 2007.

³² Sveitir og jarðir, III, 46.

³³ Sveitir og jarðir, III, 46.

undir. Eldhús (ca. 5x4m), bálkur fyrir norðurgafli, 1.5m breiður, líklega hlóðir. Framan við bæjar- dyr var skemma (2x4m) hefur verið með torfpili, a.m.k. neðan til, og hlaða, ca 3.5x5m Utan við bæjardyr mótur fyrir garði eða rétt. Öll mál eru innmál. Veggjaþykkt frá 80-300sm, minnst í eldhúsinu, mest í hlöðu. Norðan og vestan við bæinn er þýfi sem bendir til endurbygginga. Baðstofan var á palli og kýr undir. Gott sýnishorn af litlum bæ. Bæjarstæðið sýnir vel húsaskipan sem virðist óbreytt frá því búseta lagðist af. Var merkt með friðlýsingarstaur.“(Fornleifaskráning í Norðfirði, 37).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Fannardalur – ágríp af sögu

Elsta heimild er getur Fannardals er Droplaugarsonarsaga. Þar er bæjarins getið í þrígang í tengslum við afskipti Helga Droplaugarsonar af skilnaði Þorgríms skinnhúfu og Rannveigar brestings. Nóttina fyrir bardagann í Eyvindarárdal gisti Helgi í Fannardal og dreymdi hann þó um nóttina fyrir bardaganum.³⁴ Fannardals er getið í Vilchinsmáldaga frá 1397 þar sem segir: „Kirkia á Skorrastodum a heimaland allt med gognum oc giædum. Buland oc Grænanes oc Selidal. Rekstur i Fannardal firir framan Liosä og vidarteig firir nordann.“³⁵

Fannardalur var í bændaeign og er að fornu mati 6 hdr.³⁶ En samkvæmt nýju mati 1861 9 hdr.³⁷ Jörðin fór í eyði 1956³⁸ en jörðin nytjuð frá Efri-Miðbæ eftir að Guðröður Jónsson og Hákon Guðröðarson eignuðust jörðina.³⁹

Kunnur er Fannardalur fyrir róðukross sem hékk þar uppi í baðstofunni frá ómunatíð og fram til ársins 1895 er hann komst í eigu Sveins Sigfússonar á Norðfirði og síðar Sigfúsar Sveinssonar.⁴⁰ Aldur krossins er óviss en hann hefur bæði einkenni gotneskra og rómanskra krossa en Bjarni Vilhjálmsson telur hann vera frá 13.-15. öld.⁴¹ Krossinn er nú til geymdur á Skjalasafni Norðfjarðar.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Sveitum og jörðum segir „Bærinn í F[annardal] stóð út undir Fannardalsá yst í landinu. Inn frá bænum lágu flatlendar og votlendar mýrar, sem nú hafa verið þurrkaðar og ræktaðar að nokkru. Norðfjarðará á upptök inn undir Fönn fyrir dalbotni og fellur út dalinn nálægt suðurfjallgarði. Beitoland víðlent og gott er í hlíðum dalsins, en hið efraklettabelti undir háum eggjum, [...]“⁴² og í Búskaparannál er engjum svo lýst „Engjar nærtækar, samfelldar, greiðfærar, votar, heygóðar. Beitoland stórt og gott, „snjóþung þá hart fellur“. Gott mótak.“⁴³

³⁴ Droplaugarsonar saga, 142; 144.

³⁵ DI IV, 225-226.

³⁶ Jarðatal Johnsen, 373.

³⁷ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 143.

³⁸ Sveitir og Jarðir, III, 48.

³⁹ Bjarni Vilhjálmsson (1974), 27.


⁴⁰ Bjarni Vilhjálmsson (1974), 29.

⁴¹ Bjarni Vilhjálmsson (1974), 15.

⁴² Sveitir og jarðir, III, 47.

⁴³ Sveitir og jarðir, III, 48.

Fannardalur - fornleifaskrá



Fannardalur 158152 96-1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: A: 737219,28 N: 524270,11

Ástand: Búið er að rífa húsið og einungis tóft þess eftir

Hættumat: Hætta þar sem tóftirnar eru við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Bærinn í Fannardal stóð á vesturbakka bæjarlækjarins um 460m innan eða vestan Fannardalsár.

Lýsing

Lýsing Fannardalsbæjar er svo í fornleifaskráningarskýrslu frá 1995: „Um 40 m langt bæjarstæði sem snýr a-v, framhlið til s. Vestast: stakt hús, (smiðja?), 5x2.5 m að innanmáli, veggjaþykkt 1.20m Snýr na-sv með inngang í sv. Ekki sundurhlutað. Mjög slétt og gróin tótt. Næst: tótt áföst bæjarþorpinu, 6.5x2.7 m að innan, veggjaþykkt um 2.4 m en austurveggur 3.7 m þykkur, sameiginlegur með næsta húsi. Líklega timburpíl til sv. Næsta tótt er fjós, innmál 4x3.2 m Hefur verið með timburpili til sv. Þar næst kemur íbúðarhúsið, 2.4x3.5 m að utanmáli. Timburhús á hlöðnum grunni, járnklætt, opið og mjög illa farið. Næst íbúðarhúsi kemur tótt fjárhúss og hlöðu, innmál 6x3.5 m, veggjaþykkt ca. 1.3 m.

Timburveggur hefur verið til sv. Austan fjárhúss er þýfi í bæjarþorpinu. Þar hafa líklega staðið byggingar. Bæjarhlaðið er 1.5-2 m breitt. Handan við það er matjurtagarður, 17.5x7.3 m að innanmáli, lágir torfveggir umhverfis.“ (Fornleifaskráning í Norðfirði, 30).

Heimildaskrá

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Fannardalur 158152 96-2

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 737186,00 N:524359,61

Ástand: Gott, veggir eru að hluta hrundir en tóftin er vel greinanleg

Hættumat: Lítil hættu þar sem tóftin er við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Fast við bæjarlækinn að vestan, 50m ofan við þar sem bærinn stóð eru fjárhústóftir með hlöðu.

Lýsing

Tóftin er um 16x9m að utanmáli. Mesta hæð veggja er 140cm og mesta breidd þeirra er 2m. Tóftin snýr norður/suður og hefur timburþil verið til suðurs. Garði 1m á breidd er fyrir miðri tóft og við suðurenda hans steipt fjárbað. Hlaða er að norðan 6x2m að innanmáli.

Fannardalur 158152 96-3

Sérheiti: Völvuleiði

Hlutverk: Leiði

Tegund: Þúfa

Staðsetning: A: 737254,24 N:524323,13

Ástand: Gott

Hættumat: Hættu þar sem þúfan er við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Í túni eru með kyrrum kjörum staðirnir Völvuleiði, Tröllkonulæri og Myllubali.“ (SJM, 47). Um leiðið segir í örnefnaskrá: „Efri hluti tungunnar, fyrir ofan veginn, heitir Hesthústún. Í því miðju er þúfa, sem heitir Völvuleiði.“ (ÖF, 1). Völvuleiðið liggur austan bæjarlækjar um 35m norðaustur af gamla bænum.

Lýsing

Völvuleiðið er þúfa um 1x1,5m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslu frá 1995 segir: „Munnmæli herma að ekki megi hrófla við leiðinu, því þá muni hinum sama farnast illa.“ (Fornleifaskráning í Norðfirði, 30).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-4

Sérheiti: Myllubali

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Í túni eru með kyrrum kjörum staðirnir Völvuleiði, Tröllkonulæri og Myllubali.“ (SJM, 47). „Tungusporðurinn fyrir neðan götu heitir

Tröllkonulæri. Fram af Tröllkonulæri er nefndur Myllubali.”(ÖF, 16) segir í örnefnalýsingu.

Lýsing

Mylla fannst ekki við vettvangsrannsókn 2007.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 737092,50 N:524324,32

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Lítil hætta en tóftirnar eru við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Um 11m vestan við neðri túngarðsendann og 100m vestnorðvestur af gamla bænum er tóft.

Lýsing

Tóftin er ferhyrmd og liggur nnv/ssa. Hún er vel gróin, 6x8m að utanmáli. Dyr hafa verið við suðausturhorn tóftar. Hæð veggja er 40sm og mesta breidd þeirra 1m.

Fannardalur 158152 96-6

Hlutverk: Garðlög

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 737158,00 N: 524393,60

Ástand: Sæmilegt, garðlögin eru lág en vel greinileg

Hættumat: Lítil hætta en garðlögin eru við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Um 30m norðvestur af fjárhústóftinni eru tvö garðlög á vesturbakka bæjarlækjar.

Lýsing

Garðlögin eru samsíða, það efra 4m en það neðra er 5m. Garðlögin eru lág og *Hlutverk* þeirra óvíst en virðast geta verið undan girðingu. Í fornleifaskráningarskýrslu frá 1995 er talið að um áveitu geti verið að ræða (Fornleifaskráning í Norðfirði, 31).

Nánari lýsing

Neðra garðlag 737159,40/524388,78

Heimildaskrá

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Fannardalur 158152 96-7

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 737120,71 N: 524353,40

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Lítil hætta en túngarðsbrotið er við jaðar rannsóknasvæðis vegna vegagerðar

Staðhættir

Um 9m norðvestur af bæjarstæðinu er túngarður.


Lýsing

Um 60m langur, torf- og grjótgarður sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Hluti af garði sem hefur legið um túnið, hann er allt að 40sm á hæð og 60sm á breidd.

Nánari lýsing

Efsti hluti túngarðs: 737133,89/524373,30

Neðsti hluti túngarðs: 737107,60/524323,45



Fannardalur 158152 96-8

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736782,26 N: 524310,91

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Mikil hætta, tóftirnar eru innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Hálfván Haraldsson

Staðhættir

Rúmlega 420m vestur af gamla bænum í Fannardal eru beitarhúsatóftir.

Lýsing

Austari tóftin er beitarhúsatóft, fjárhús og hlaða og kró til vesturs. Tóftin snýr nálega norður/suður með inngang í fjárhús til suðurs. Hlaða er bak við fjárhúsið og önnur innan við það með inngang til suðurs. Tóftin er 15x20m að utanmáli. Breidd veggja er mest um 3m og hæð þeirra 2m. Garði liggur eftir miðju húsinu. Heimildamaður telur að Guðjón Ármann bóndi í Fannardal hafi reist húsin.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Fannardalur 158152 96-9

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736750,49 N: 524217,19

Ástand: Sæmilegt, hleðslur eru að hluta hrundar

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Rúmlega 420m vestur af gamla bænum í Fannardal eru beitarhúsatóftir.

Lýsing

Um 12m vestur af beitarhúsatóftinni [158152 96-8] er önnur tóft, torf- og grjóthlaðin sem liggur austur/vestur. Veggir eru töluvert hrundir og því er erfitt að greina nákvæmlega innveggi tóftar en hugsanlega er um að ræða annað fjárhús með hlöðu til austurs og tveim króm til norðurs. Utanmál tóftar er 11x16m. Mesta hæð veggja er um 1m og breidd allt að 2m.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Fannardalur 158152 96-10

Hlutverk: Kofi/heytóft?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736680,01 N: 524260,99

Ástand: Sæmilegt, veggjalög eru lág og ógreinileg

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá túni og inn að hlaupi utan við Stekkinn, sem heitir Stekkjarhlaup, eru svonefndar Heimaengjar”. (ÖF, 2). Um 95m norðvestur af beitarhúsatóftinni [158152 96-8] eru þrennar tóftir, líklega heytóftir, allar standa þær á lágum hól og eru fremur ógreinilegar.

Lýsing

Austust tóftanna þriggja er algróin tóft, hringlaga og stendur á lágum hól, hæð veggja er um 20sm og mesta breidd 1m. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni sem bendir til að um heystæði sé að ræða.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-11

Hlutverk: Kofi/heytóft?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736630,90 N: 524297,13

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá túni og inn að hlaupi utan við Stekkinn, sem heitir Stekkjarhlaup, eru svonefndar Heimaengjar”. (ÖF, 2). Um 95m norðvestur af beitarhúsatóftinni [158152 96-8] eru þrennar tóftir, líklega heytóftir, allar standa þær á lágum hól og eru fremur ógreinilegar.

Lýsing

Um 55m norðvestur af tóft [158152 96-10] er lágur hól og á honum ógreinileg tóft. Hringlaga, 4x6m að utanmáli en innveggir eru ekki greinanlegir.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-12

Hlutverk: Kofi/heyttóft?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736598,91 N: 524263,41

Ástand: Sæmilegt, veggjalög eru lág og ógreinileg

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Frá túni og inn að hlaupi utan við Stekkinn, sem heitir Stekkjarhlaup, eru svonefndar Heimaengjar”. (ÖF, 2). Um 95m norðvestur af beitarhúsatóftinni [158152 96-8] eru þrennar tóftir, líklega heyttóftir, allar standa þær á lágum hól og eru fremur ógreinilegar.

Lýsing

Um 75m vestur af tóft [158152 96-10] er ógreinileg, algróin, tóft á lágum hól. Hún virðist tvískipt en ekki eru neinar dyr greinanlegar. Tóftin er 4x6m að utanmáli og er mesta breidd veggja um 1m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-13

Hlutverk: Sauðahús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 737267,90 N: 523832,76

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Hálfðan Haraldsson

Staðhættir

Um 430 m suður af Fannardalsbænum, rúmlega 150m suður af Norðfjarðará og tæpa 160 m vestur af grjóthlaðinni rétt [158152 96-14] eru tóftir sauðahúsa.

Lýsing

Torf- og grjóthlaðin tóft, 13x7m að utanmáli með garða fyrir miðju. Breidd veggja er mest 1,5m en breidd garða er 1m. Tóftin liggur norður/suður og aftan eða sunnan við eru leifar eldri tóftar 5x5m að utanmáli. Veggjalög hennar eru ekki greinileg.


Fannardalur 158152 96-14

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 737637,00

N: 523866,76




Ástand: Gott, hleðslur hrundar að hluta en standa víðast vel

Hættumat: Réttin liggur innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í Búskaparannál Sveita- og jarða segir: „Steinrétt sunnan við bæ enn lítið skemmd, hlaðin úr stórgrýti af Jóni Björnssyni b[óna]d]. í F[annardal], langafa Guðröðar Jónssonar.“ (SJM, 48). Rúmlega 560m suðaustur af Fannardalsbænum, 15m suður af árbakka Norðfjarðarár er grjóthlaðin rétt.



Lýsing

Grjóthlaðin rétt, 16x18m að utanmáli. Hlið hefur verið við norðvestur horn réttarinnar. Réttin er hlaðin upp við stóran náttúrustein og er hún eingöngu hlaðin úr grjóti. Að utanmáli er réttin um 15x15m. Austari dilkurinn er um 5x10m að innanmáli og innangengt í vestari dilkinn sem er stærri um 7x10m að innanmáli. Hæð veggja er um 1,5m og þykkt um 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður sagði að Jón Björnsson bóndi Fannardal 1845 af hlaðið austari dilkinn en Guðjón Ármann hafi bóndi Fannardal hafi hlaðið þann vestari.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Fannardalur 158152 96-15

Hlutverk: Hlaða/heyttóft?

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 735254,90

N: 524048,30

Ástand: Gott, hleðslur algrónar en óskemmdar

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Heimildamaður: Hálfðan Haraldsson



Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fram og niður af Rauðahvammi voru beitarhús og hlaða og áður fyrr haft í seli.“ (ÖF, 3-4). Í Sveitum og jörðum er ekki minnst á beitarhús en þar segir: “Tættur innarlega á dal nefnast Hlaða, líklega heygarður eða hús“. (Sjm, 48)

Um 1,8km inn (vestur) af bæjarstæði Fannardals og 270m inn (vestur) af enda skurða og ræktaðs túns í Fannardal er tóft

sem líkleg er til að vera heyttóft eða jafnvel rétt eða einhverskonar aðheldi.

Lýsing

Tóftin er hálf sporöskjulaga, um 8x4m að innanmáli og liggur austur-vestur. Veggir eru algrónir og hafa hrunið inn á við. Þykkt veggjar er um 1,5m og hæð um 50cm. Veggjalög eru nokkuð jarðsokkin en þó virðast dyr eða hlið hafa verið á norður langvegg.

Aðrar upplýsingar

Hálfdan segir Rauðahvamm vera innan við vestari enda skurða og túns í Fannardalslandi en hann kannast ekki við tóftir þar. Við vettvangskönnun 2007 fundust engar tóftir aðrar umhverfis sem bent gætu til að þarna hefði beitarhúsin verið.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-16

Hlutverk: Stekkur (Beitarhús/sel?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 735681,12 N: 524032,41

Ástand: Gott, tóftin mjög gróin en veggir standa vel

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fram og niður af Rauðahvammi voru beitarhús og hlaða og áður fyrr haft í seli.” (ÖF, 3-4). Um 1,5km inna (suðvestur) af Fannardalsbæ, neðan við vestasta hluta skurða og unnins túns eru tóftir sem virðast af stekk.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er tvískipt. Austan við er rétt eða kró, um 4x6m að innanmáli. Dyr hafa verið á henni til suðurs, uppi við vegg lambakróarinnar. Lambakróin er um 2x4m að innanmáli en ekki var hægt að greina hvort hlið væri á milli krónna. Veggir tóftarinnar standa ágætlega eru um 80cm á hæð og um 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá eru nefnd beitarhús innan við Rauðahvamm. Þessi tóft er eina tóftin sem fannst við skráningu sem tilheyrir gæti þessum beitarhúsum (nema ef vera skyldi heygarður/rétt [158152 96-15]). Sökum þess hve gróður var mikill og töluvert þýft á svæðinu var ekki hægt að greina frekari tóftir en útlit og staðsetning minjanna bendir til að þetta sé stekkur en ekki sé hægt að slá því föstu að ekki sé um beitarhúsin að ræða.

Heimildaskrá


Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 736384,705 N: 523969,233





Ástand: Sæmilegt veggir mjög jarðsokknir og rofnir að hluta

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Um 730m suðvestur af bæjarstæði Fannardalsbæjar vestan við vestari bakka lækjar sem rennur um skurð vestan fjárhúsa á Stekk.

Lýsing

Tóftin er mjög jarðsokkin og virðist annað hvort hafa verið tvískipt eða að útgangur hefur verið úr tóftinni á báðum langhliðum. Tóftin er um 4x6m að utanmáli, veggir um 60cm þykkir og um 40cm háir. Kunna að vera leifar heytóftar, fremur en stekkjjar.

Fannardalur 158152 96-18

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Um túnið falla tveir lækir. Ytri lækurinn heitir Hesthúslækur, en hinn Bæjarlækur. Á milli lækjanna myndast tunga, áður en þeir falla saman. Efri hluti tungunnar, fyrir ofan veginn, heitir Hesthústún. Í því miðju er þúfa, sem heitir Völvuleiði.” (ÖF, 1).

Lýsing

Fannst ekki við skráningu 2007.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fannardalur 158152 96-19

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Hálfan Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fram og niður af Rauðahvammí voru beitarhús og hlaða og áður fyrir haft í seli.” (ÖF, 3-4).

Staðhættir

Heimildamaður segir Rauðahvamm vera inni á Dal, vestur af innstu skurðendum í túni í Fannardal. Beitarhúsatættur fundust ekki við skráningu en hinsvegar eru heytóft/rétt? [158152 96-15] og stekkjartóft [158152 96-16] í grennd við skurðendana.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Fannardals (með viðbótum). Þorbergur Guðmundsson. Örnefnastofnun.

Eskifjörður - fornleifaskrá

Eskifjörður – ágríp af sögu



Mynd 5. Bæjarstæði Eskifjarðar. Ljós. GZ.

Eskifjörður er landnámsjörð í Eskifirði. Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson mun hafa komið skipi sínu í Eskifjörð og verið þar áður en hann fór upp að byggja Fljótsdal.⁴⁴ Eskifjörður hefur verið í bændaeign frá fornu fari og var dýrasta jörðin í Reyðarfjarðarhreppi áður en hún deildist í fleiri jarðir. Að fornu mun jörðin hafa verið 16 hundruð en árið 1861 var hún 23,63 hundruð.⁴⁵ Þorsteinn ríki Þorsteinsson (d.1788) mun hafa verið síðasti bóndinn sem átti Eskifjörð allan en hann seldi Þorláki sýslumanni Ísfjörð landið utan við Lambeyri.⁴⁶ Nú er jörðin í eigu sveitarfélagsins.

Jörðin Eskifjörður náði frá 1779-1854 yfir allan dalinn og var ein eign. Eskifjarðarsel og síðar Borgir voru aðeins hjábýli heimajarðarinnar.⁴⁷ Aðrar hjáleigur og afbýli frá Eskifirði voru Bakki, Lambeyri sem kaupstaðurinn byggðist síðar upp á, Bleiksá, Gil, Eyjólfsblettur, húsmannslóð sem byggðist 1898.⁴⁸ Býlið Veturhús var í byggð frá 1881-1945.⁴⁹

Í Sveitum og jörðum segir: "Landamörk eru að austan við Bleiksá ofan af fjöllum, raunar af vatnaskilum við Fannardal í Norðfirði og niður að neðsta fossi en þaðan beina stefnu í stöpul innan við Eskifjarðarárbrú. Þetta voru hreppamörk Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps til 1968. Að sunnan eru mörk við Borgir frá Borgarkrök, þ.e. syðri fjarðarkrök, inn í Langabarðslæk og þar þvert norður í Eskifjarðará. Milli Eskifjarðar og Veturhúsa voru aðeins nytjamörk og var Veturhúsabændum óheimilt að beita fé utan við Innri-Þverá. Má því segja að Eskifjarðará ráði mörkum beggja býla utan frá Langabarðslæk og til upptaka inn undir Hrævarsskörðum".⁵⁰

⁴⁴ Örnefnaskrá Eskifjarðar.

⁴⁵ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, 126.

⁴⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, 127.

⁴⁷ Örnefnaskrá Eskifjarðar.

⁴⁸ Eskja, I. bindi, 103.

⁴⁹ Örnefnaskrá Eskifjarðar.

⁵⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, 127.

Náttúrufar og jarðabætur

Eskifjörður á land innan fjarðarbotns norðan ár en einnig landspildu sunnan ár neðan túna á Borgum. Undirlendi er fremur votlent en norðan þess brattar hlíðarbrekkur klæddar kjarri. Vegur liggur framhjá Eskifirði og inn á Eskifjarðarheiði en hún var kaupstaðarleið af Héraði. Eskifjörður mun hafa verið góð jörð til búskapar á fyrri tíð, beitoland víðlent og kjarngott, sérstaklega fyrir sauðfé. Samkvæmt fasteignamatinu 1918 var gamla túnið "snöggt, harðlent og brunahætt, því ekki grasgefið". Engjar voru í góðu meðallagi, aðalengjarnar sunnan Eskifjarðarár en einnig var heyjað í fjallinu.⁵¹

Eskifjörður - Fornleifaskrá

Eskifjörður 155959 130 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 732674,30 N: 518234,63

Ástand: Horfið

Hættumat: Mikil hætta, bæjarstæðið er innan rannsóknarsvæðisins auk þess sem að þar stendur enn hús

Heimildamaður: Geir Hólm

Staðhættir

Á Túnakorti Eskifjarðar er eitt hús sunnan við veginn, fyrir framan það er hlaðið.

Lýsing

Núverandi íbúðarhús, byggt 1917, stendur á gamla bæjarhólnum og þar eru nú engar tóftir sýnilegar. Bæjarstæðið er vart í hættu vegna framkvæmdanna þar sem þar standa enn byggingar en það liggur þó innan rannsóknarsvæðisins.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðar

Eskifjörður 155959 130 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 732692,286 N 518376,840

Ástand: Tóftirnar eru horfnar, þarna er nú sléttaður flötur efst í túni

Hættumat: Lítil hætta, tóftin hefur verið sléttuð og engin merki um eldri tóftir greinanlegar

Staðhættir og lýsing

Á Túnakorti Eskifjarðar er hús, u.þ.b. 100 beint upp (norður) af bæjarstæðinu.

Rúma 130m norður af íbúðarhúsi í Eskifirði, ofan túna og 20m vestur af bæjarlæknum er 6x7m slétt svæði þar sem greinilega hefur staðið hús en það hefur nú verið sléttað.

Heimildaskrá

Túnakort Eskifjarðar

Eskifjörður 155959 130 - 3

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 732712,49 N: 518368,68

⁵¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi, bls. 127-28.

Ástand: Sæmilegt, hleðslur eru hrundar

Hættumat: Mikil hætta, myllutóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

„Bæjarlækur er í túni og vatnsmylla var í bæjarlæknum.” (ÖE). Myllutóftin er á vesturbakka bæjarlækjarins um 100 m norðnorðaustur af bæjarhólnum.


Lýsing

Um 2 x 1,5 m grjóthlaðin myllutóft, sem er nú mjög hruninn. Hlaðin renna hefur verið á um 20 m kafla upp frá myllunni í lækinn fyrir ofan. Þar sést grjóthleðsla við lækinn.

Heimildaskrá

Örnefni Eskifjarðar. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.



Eskifjörður 155959 130 - 6

Sérheiti: Kvíaklettur

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í örnefnalýsingu segir: „Utan við Ytri-Þverá er Snasaklettur, þar fyrir utan Brekkur. Í þeim inn og upp af Eskifjarðarbæ er Kvíaklettur”(ÖE).

Lýsing

Kvíarnar fundust ekki við skráningu 2007.

Heimildaskrá

Örnefni Eskifjarðar. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Eskifjörður 155959 130 - 7

Hlutverk: Útihús (hesthús?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 732763,02 N: 518301,82

Ástand: Gott, en hleðslur farnar að hrynja

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Tóft liggur rúma 100m norðaustur af íbúðarhúsinu í Eskifirði og um 20m austan við bæjarlækinn. Kann að vera hesthús það sem Hesthústún er kennt við (sjá 155959 130-5)

Lýsing

Tóft hlaðin úr grjóti um 4 x 4 m að utanmáli. Tóftin liggur norður/suður og hefur tréþil vitað til suðurs. Veggir standa ágætlega en eru þó eilítið farnir að hrynja inn á við. Mesta vegg hæð er um 1,4 m og þykkt veggja 1 m.



Eskifjörður 155959 130 - 9

Sérheiti: Gyðugarðar

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Ástand: Garðarnir eru horfnir, þarna er nú sléttað tún.

Staðhættir

„Neðratún er kallað neðan vegar og Efratún ofan vegar (hjá Bakka). Utan og neðan við Bæjarhól sem bærinn stóð og stendur á heita Gyðugarðar ” (ÖE).

Lýsing

Matjurtagarðar, svokallaðir Gyðugarðar, lágu rétt ofan við veginn sem liggur upp að Eskifjarðarbænum.

Heimildaskrá

Örnefni Eskifjarðar. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Eskifjörður 155959 130 - 19

Sérheiti: Bakki

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Hættumat: Engin hætta en minjar geta þó leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar

Heimildamaður: Geir Hólm

Staðhættir

„Innan við bæinn, þar sem blettur heitir Bakkatún, þar var afbýlið Bakki, byggt a.m.k. um nokkurt skeið á 18. öld, fór í eyði 1756 segir Olavius.” (SJM, 128). „Innan við tún í Eskifirði er Bakkatúnslækur, utan við hann er Bakkatún. Þar var hjábýli frá Eskifirði, Bakki. Hann er ekki nefndur á manntalinu 1703, en er kominn í byggð 1734 og ábúandi þá Böðvar Bjarnason. Olavius segir í ferðabók sinni, að Bakki hafi farið í eyði 1756, en það virðist hafa verið nokkru fyrir, því að í „Jarða- og bændatali 1752-1767”, sem geymt er í Þjóðskjalasafni, stendur við árið 1754, "Bache, Hiäbyle i Eyde.” (Eskja:101).

Lýsing

Bakkatún liggur um 150 m suðvestan bæjar í Eskifirði. Þar er nú sléttað tún og engin merki býlisins að finna.

Heimildaskrá

Eskja, I. bindi, Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar, 1971.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

Eskifjörður 155959 130 – 24

Hlutverk: Rétt?

Tegund: Hleðsla

Lega: A: 731995,08 N: 518464,44

Ástand: Sæmilegt, hleðslur standa ágætlega en hluti hleðslunnar er horfinn

Hættumat: Mikil hætta, garðlagið er rétt utan við jaðar rannsóknasvæðis en eru í mikilli hættu vegna malarnáms

Staðhættir

Möguleg réttartóft er um 500 m vestan við bæjarhús í Eskifirði um 80 m upp frá vegi og um 20 m vestan við stekk nr. 130-37.

Lýsing


Sökum mikils gróðurs og þúfna var erfitt að greina veggjalög nákvæmlega en þó virðist um að ræða einhverskonar hleðslu. Hleðslan er um 15 m löng vestan til og um 10 m til austurs, myndar horn upp við fjallsbrekkuna ofan við melinn ofan malarnáms. Að hluta til er réttin grafin inn í hlíðina. Hlíð hefur verið til austurs. Mesta vegg hæð er um 1,7 m og þykkt 2 m.

Aðrar upplýsingar

Tilheyrir líklega stekkjartóftinni sem er utar á melnum.

Heimildaskrá

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.



Eskifjörður 155959 130 - 25

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 732037,23 N: 518463,22

Ástand: Gott, hleðslur standa nokkuð vel en tóft er mjög sokkin í gróður

Hættumat: Mikil hætta, tóftin er innan rannsóknarsvæðisins en er þar að auki rétt við malarnámu sem enn er í notkun

Staðhættir

„Á milli Innri-Þverár og Ytri-Þverár niðri undir Eskifjarðará heita Bakkar. Fyrir utan Ytri-Þverá eru Sléttur, síðan Hlaup. Þar utan undir er Stekkur og svo Stekkslækur” (ÖE).

Stekkjartóft er uppi á mel um 80 m ofan vegar inn á Eskifjarðarheiði. Um 650m vestnorðvestur af bæjarhúsum á Eskifirði utan lækjar sem rennur í gili.

Lýsing

Veggir standa enn ágætlega en eru nokkuð farnir að hrynja, vegg hleðslur hæstar um einn metri og þykkt þeirra um 2m. Hleðslur orðnar mjög grónar og aðeins sést grjót í hleðslu við suðurdyr. Stekkurinn snýr norður-suður, er um 11m langur og um 8m breiður að utanmáli. Dyr eru á suðurlíð en við norðvesturhorn er einnig um 1m langur gangur út úr tóftinni.

Heimildaskrá

Örnefni Eskifjarðar. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Eskifjörður 155959 130 - 38

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 732795,71 N: 518317,89

Ástand: Gott, hleðslur standa vel


Hættumat: Mikil hætta, tóftirnar eru innan rannsóknarsvæðisins

Staðhættir

Tæplega 140m norðaustur af íbúðarhúsi í Eskifirði og 55m austur af bæjarlæknum er tóft. Tóftin liggur efst í svokölluðu Hesthústúni og vera kann að hér sé um hesthúsið að ræða.

Lýsing

Tóftin liggur austur vestur og hafa dyr verið í vestur. Annað hvort er tóftin mjög jarðsokkin eða að hún hefur verið sléttuð út að hluta. Útlínur veggja eru þó vel greinanlegar, um 30cm á hæð og um 70cm á þykkt. Fast sunnan tóftarinnar er sléttur flötur um 4x8m að ummáli og virðist vera undan byggingu sem hefur legið norður suður. Báðar tóftaleifarnar virðast liggja á dálítilli upphækkun efst í túninu sem gæti bent til endurbygginga.



Samantekt

Alls voru skráðar upp úr heimildum 51 fornleif í tengslum við væntanlegar vega- og jarðgangnagerð milli Norðfjarðar og Eskifjarðar. Þar af voru 10 minjar horfnar eða fundust ekki þannig að 41 fornleif var skráð og mæld upp á vettvangi. Af þeim voru 8 minjar á jöðrum eða rétt utan línunnar sem afmarkaði rannsóknarsvæðið en 33 fornleifar liggja innan svæðisins. Af þeim 33 fornleifum sem fundust innan svæðis eru 27 í Norðfirði en 6 í Eskifirði (sjá töflu 2).

	Skráðar Minjar	Horfnar minjar	Minjar utan rannsóknarsvæðis	Minjar alls
Fjöldi	33	10	8	51

Tafla 1. Heildafjöldi skráðra minja.

Skráningunni verður að taka með þeim fyrirvara að ekki lágu fyrir upplýsingar um veglínur, haug- eða efnistökusvæði, girðingastæði eða vinnusvæði önnur. Allar minjar innan svæðis eru því metnar í mikilli hættu þar sem ekki var ekki unnt að meta nákvæmar hættu eða líkindi til að minjar verði fyrir skakkaföllum af völdum framkvæmdanna eða gera sértækar tillögur um mótvægisáðgerðir til varnar minjunum. Hér fylgir þó kafli almenns eðlis um þær mótvægisáðgerðir sem oftast er gripið til þegar vernda skal fornleifar.

Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisáðgerðir

Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001.

Oft er nægilegt að sérstakt tillit sé tekið til fornleifa við skipulagningu framkvæmdasvæða, þ.m.t. vega til og frá efnistökusvæðum, girðingastæði o.s.frv. Þær minjar sem eru í nágrenni eða jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla eða aðgæsluleysis. Minjar sem lenda í eða við veglínu eru hinsvegar í beinni hættu vegna framkvæmdanna.

Helstu mótvægisáðgerðir í þeim tilfellum eru:

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en vegur er lagður.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsóknna.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Fornleifar í og við framkvæmdasvæðið

Jörð	Númer	Sérheiti	Hlutverk	Austun	Norðun
Norðfjörður					
Skorrastaður	158171 93-1	Hálshús	Beitarhús	741252,17	523039,44
Skorrastaður	158171 93-2	Hálshús	Beitarhús	741289,01	523039,5
Skorrastaður	158171 93-3	Hálshús	Kofi	741289,01	523039,5
Skorrastaður	158171 93-4		Leið	741266,99	523027,25
Skorrastaður	158171 93-5		Kofi/Smalakofi	740753,39	523136,95
Neðri-Skálateigur	158164 98-1		Bæjarstæði	743453,23	523794,03
Neðri-Skálateigur	158164 98-2		Garðlag	Horfið	
Kirkjuból	158160 99-1		Sundlaug	742138,17	523404,14
Kirkjuból	158160 99-2		Leið	741694,12	523361,72
Kirkjuból	158160 99-3		Fjánhús	741688,68	523390,1
Kirkjuból	158160 99-4		Tóft, heytóft	741545,134	523364,353
Kirkjuból	158160 99-5		Kofatóft	741492,613896	523343,084841
Kirkjuból	158160 99-6		Tóft	741444,312975	523342,521812
Kirkjuból	158160 99-7		Rétt	741399,327773	523366,526602
Kirkjuból	158160 99-8		Mógrafir	741662,272175	523338,166046
Hólar	158157 100-1		Matjurtagarður/Rétt	Horfið	
Hólar	158157 100-2		Tóft	739471,22	523584,43
Hólar	158157 100-3		Rétt	Horfið	
Hólar	158157 100-4		Beitarhús	738857,3	523513,21
Hólar	158157 100-5	Stekkur	Stekkur	Horfið	
Hólar	158157 100-6	Króarhraun	Hleðsla	739472,120	523584,606
Tandrastaðir	158179 101-1		Bústaður	738214,93	524154,93
Fannardalur	158152 96-1		Bústaður	737219,28	524270,11
Fannardalur	158152 96-2		Fjánhús	737186	524359,61
Fannardalur	158152 96-3	Völvuleiði	Leiði	737254,24	524323,13
Fannardalur	158152 96-4	Myllubali	Mylla	Horfið	
Fannardalur	158152 96-5		Fjánhús	737092,5	524324,32
Fannardalur	158152 96-6		Garðlag/Áveita	737158	524393,6
Fannardalur	158152 96-7		Túngarður	737120,71	524353,4
Fannardalur	158152 96-8		Beitarhús	736782,26	524310,91
Fannardalur	158152 96-9		Útihús	736750,49	524217,19
Fannardalur	158152 96-10		Kofi/Heytóft	736680,01	524260,99
Fannardalur	158152 96-11		Kofi/Heytóft	736630,9	524297,13
Fannardalur	158152 96-12		Kofi/Heytóft	736598,91	524263,41
Fannardalur	158152 96-13		Sauðhús	737267,9	523832,76
Fannardalur	158152 96-14		Rétt	737637	523866,76
Fannardalur	158152 96-15		Hlaða/heyttóft?	735254,9	524048,3
Fannardalur	158152 96-16		Stekkur	735681,12	524032,41
Fannardalur	158152 96-17		Tóft	736884,29	523969,87
Fannardalur	158152 96-18		Hesthús	Horfið	
Fannardalur	158152 96-19		Beitarhús	Horfið?	
Eskifjörður					
Eskifjörður	155959 130-1	Eskifjörður	Bæjarstæði	732674,3	518234,63
Eskifjörður	155959 130-2		Útihús	732692,907	518376,506
Eskifjörður	155959 130-3		Mylla	732712,263	518369,105
Eskifjörður	155959 130-6	Kvíaklettur	Kvíar	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-7		Útihús	732763,02	518301,82
Eskifjörður	155959 130-9		Matjurtagarður	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-19	Bakki	Bæjarstæði	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-24		Rétt?	731995,08	518464,44
Eskifjörður	155959 130-25		Stekkur	732037,23	518463,22
Eskifjörður	155959 130-38		Útihús	732795,71	518317,89

Tafla 2. Tafla tvö sýnir skráðar fornleifar í og við framkvæmdasvæðið. Fornleifar merktar með **gulu** eru innan svæðisins, fornleifar merktar með **grænu** eru rétt utan eða á jafri svæðisins og ólitaðar fornleifar eru horfnar.

Minjar á rannsóknarsvæðinu í Norðfirði

Minjar sunnan Norðfjarðarár (alls 7):

Skorrastaður

- Hálshús heita beitarhúsa- og kofatóftir [158171 93- 1-3] í Staðarhálsi, gegnt Kirkjubóli. Húsin voru notuð fram undir 1960 en þar hafa hús verið endurbyggð og því kunna að leynast eldri minjar undir þeim tóftum sem enn sjást.

Hólar

- Beitarhúsatóft [158157 100-4] liggur á Hólaströnd, sunnan ár gegnt bæjarstæði Hóla. Óvíst er hvenær hætt var að nota húsin en þau eru þó sögð vera tættur í Sveitum og jörðum.

Fannardalur

- Tóftir sauðahúsa [158152 96-13] liggja sunnan ár gegnt bæjarstæði Fannardals. Tóftirnar eru að mestu hlaðnar úr grjóti og aldur óviss. Þó líklega frá seinni hluta 19. aldar eða um aldamótin.
- Grjóthlaðin rétt [158152 96-13] er sunnan ár í Fannardal, til móts við Fannardalsá. Réttin er grjóthlaðin og mun hafa verið reist á 19. öld.

Minjar norðan Norðfjarðarár (alls 20):

Neðri-Skálateigur

- Bæjarhóll gömlu Skálateigshjáleigunnar, Neðra-Skálateigs [158164 98-2]. Bæjarhóllinn er sýnilegur sem nokkur upphækkun í sléttuðu túni en ætla má að tölvuverðar minjar geti verið að finna undir sverði þótt ekki sjáist veggjalög á yfirborði. Bæjarhólar eru þeir staðir þar sem að mestar fornleifafræðilegar upplýsingar er að fá og því ein mikilvægasta heimildin okkar um fortíðina. Þar sem ekki var hægt að sjá neinar tóftir á yfirborði er erfitt að fullyrða hvar eiginlegar útlínur hólans liggja. Minjar í bæjarhólum ná líklega aftur til 18. aldar, etv. lengra aftur.

Kirkjuból

- Sundlaug [158160 99-1] liggur ofan skeiðvallar, rétt neðan vegar neðan Kirkjubóls. Sundlaugin er líklega frá fyrri hluta 20. aldar líkt og samskonar mannvirki í kaupstaðnum og einnig í landi Skuggahlíðar. Um áhugaverðar minjar er að ræða þrátt fyrir að þær falli líklega utan við skilgreiningu þjóðminjalaga.
- Fjárhústóft [158160 99-2] liggur á bala skammt neðan vegar vestan Kirkjubólsár. Ekki er nákvæmur aldur tóftarinnar þekktur en veggir hennar eru þó nokkuð jarðsokknir sem bendir til að hún falli allavega undir skilgreininguna fornleifar.
- Hluti af gamla bílveginum [158160 99-3] inn dalinn eru neðan vegar í Kirkjubólslandi. Vegspottinn er líklega frá fyrri hluta 20. aldarinnar.

- Tóft (fjánhús?) og heytóft [158160 99-4] liggur í móa neðan túns innan Kirkjubólssár. Efri tóftin, líklega heytóft, er yngri en undir henni liggur svo eldri tóft.
- Kofatóft [158160 99-5] liggur í móa neðan túns innan Kirkjubólssár. Tóftin er jarðsokkin og lyngi vaxin.
- Kofatóft [158160 99-6] liggur í móa neðan túns innan Kirkjubólssár. Tóftin er jarðsokkin og lyng farið að vaxa í henni.
- Garðlag [158160 99-7], leifar af rétt, er að fast ofan vegar neðan túns innan Kirkjubólssár. Stærsti hluti réttarinnar hefur horfið við vegagerð og er einungis veggjarbrot eftir.
- Mógrafir [158160 99-8] eru í mýri neðan vegar rétt innan Kirkjubólssár. Óvíst er um aldur grafanna en vísast hefur mór verið tekinn lengi á þessu svæði.

Hólar

- Tóft [158157 100-2] er neðan vegar neðan við þar sem steinsteyptu bæjarhúsin stóðu. Tóftin er nokkuð jarðsokkin en nákvæmur aldur hennar er ekki þekktur.
- Hleðsla [158157 100-6], e.t.v. tóftarleifar eru efst á svokölluðu Króarhrauni neðan vegar og gamla bæjarstæðisins á Hólum.

Fannardalur

- Inn af bæ eru beitarhúsatóftir [158152 96-8-9] á svokölluðum Stekk. Tóftirnar eru af fjánhúsum og kofa og eru að hluta til frá fyrri hluta 20. aldarinnar. Húsin kunna hinsvegar byggð ofan í eldri tóftir.
- Heygarðar [158152 96-10-12] liggja skammt frá beitarhúsunum á Stekk.
- Inn í Dal norðan Norðfjarðará eru leifar af tóft, líklega stekki [158152 96-16]. Vegghleðslur í tóftinni eru horfnar í gróður.
- Innarlega í Fannardal, norðan Norðfjarðará eru leifar af heygarði eða rétt [158152 96-17]. Tóftarveggirnir orðnir jarðsokknir og samgrónir umhverfi sínu.
- Tóft, etv. heytóft, [158152 96-17] liggur ofan Norðfjarðará vestan lækjar sem rennur rétt vestan beitarhúsanna á Stekk. Tóftin er jarðsokkin og veggir hennar rofnir.

Minjar á jaðri rannsóknarsvæðis:

Tandrastaðir

- Gamli bæjarhóllinn á Tandrastöðum [158179 101-1] er rétt um 10m utan við útlínur rannsóknarsvæðisins. Hann er tekinn inn í skráninguna vegna nálægðar sinnar við rannsóknarsvæðið. Engar tóftir fundust í túni umhverfis bæjarstæðið líkt og búast mætti við en mikill gróður var í túni og því kunna þar að leynast tóftir þótt ekki hafi þær fundist við vettvangsskráninguna.

Fannardalur

- Bæjarstæðið í Fannardal [158152 96-1] liggur rétt um 10m utan rannsóknarsvæðisins. Aðrar tóftir á bæjarstæðinu eru útihús og túngarður [158152 96-2, 5-7] og Völvuleiði [158152 96-3]. Þessar minjar eru lengra frá útbrún rannsóknarsvæðisins en voru skráðar sem hluti af bæjarheildinni.

Minjar á rannsóknarsvæðinu í Eskifirði

Eskifjörður

- Bæjarstæði Eskifjarðar [155959 130-1] er þar sem að núverandi bæjarhús stendur. Ekkert sést lundur eftir af gamla bænum en þó kunna minjar að leynast þar neðanjarðar. Þar sem að bæjarstæðið er á núverandi bæjarstæði er vart nokkur hætta vegna framkvæmdanna en það er samt innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis Vegagerðarinnar.
- Leifar útihúss [155959 130-2] liggja efst í túni ofan bæjar. Húsin hafa verið sléttuð út og er ekkert eftir af þeim.
- Myllutóft [155959 130-2] er á vesturbakka bæjarlækjarins austan túns ofan bæjarins. Veggir tóftarinnar farnir að hrynja nokkuð en tóftir þó ágætlega greinanleg.
- Útihúsatóft (Hesthús?) [155959 130-27] liggur í svokölluðu Hesthústúni rétt austan bæjarlækjar. Tóftin stendur vel, líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Kunna að liggja ofan á eldri tóftum.
- Útihúsatóftir [155959 130-38] liggja efst (nyrst) í Hesthústúni svokölluðu. Um er að ræða smærri tóft (hesthús?) en fast sunnan hennar einnig sléttan flöt þar sem einhver hús hafa staðið. Svo virðist sem tóftirnar hafi verið sléttaðar að einhverju leyti en erfitt var að gera sér grein fyrir legu þeirra vegna gróðurs. Aldur þeirra er óviss.
- Stekkur [155959 130-25] liggur rétt neðan malarnáms um 650m vestur af Eskifjarðarbæ. Stekkurinn er heillegur en hleðslur hans mjög grónar. Stekkurinn er í útjaðri malarnáms og í tölverðri hættu af þess völdum.

Minjar á jaðri rannsóknarsvæðis:

Eskifjörður

- Garðlag (rétt?) [155959 130-24] liggur rétt vestan áðurnefnds stekkjjar. Sökum gróðurs var ekki auðvelt að greina hvernig mannvirki er um að ræða en þarna virðist a.m.k vera garðbrot og greinanlega einhver niðurgroftur.

Lokaorð

Flestar minjarnar sem skráðar voru eru, eins og búast má við, hefðbundnar búsetuminjar frá 19. öld og fram á fyrri hluta þeirrar 20. Þó má reikna með að hús hafi verið endurbyggð oft á sama stað og kunna því að leynast eldri minjar undir þeim tóftum sem sjást á yfirborði. Tvö bæjarstæði, bæjarstæði Eskifjarðar og Neðri-Skálateigs liggja innan rannsóknarsvæðisins og má búast við eldri minjum á og umhverfis þau.

Þar sem endanleg ákvörðun lá ekki fyrir um veglínur og framkvæmdasvæði var einungis skoðað það svæði sem merkt er með brotalínu á meðfylgjandi kortum. Fari svo að einhver væntanlega framkvæmdarsvæða verði utan rannsóknarsvæðisins sem um ræðir ber að endurskoða fornleifaskrána með tilliti til breytinganna.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjum.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Bjarni Vilhjálmsson (1974). *Róðukrossinn í Fannardal*. Í Árbók Fornleifafélagsins. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Eskja: sögurit Eskfirðinga, I. bindi. Einar Bragi Sigurðsson bjó til prentunar. Byggðasögufnd Eskifjarðar, 1971.

Fornleifaskráning í Norðfirði (1995). Gefin út af Safnastofnun Austurlands.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Halldór Stefánsson (1970). *Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum*. Í Múlaþingi 5 tbl., bls. 172-187.

Íslenzkt fornbréfasafn XII. 1200-1554. Reykjavík, 1923-1932. (DI XII)

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Ólafur Lárusson. *Kirkjuból*. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-1939. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Ólafur Olavius. *Ferðabók: landshagir í norðvestur- norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777 ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtabrand*. Reykjavík 1964-1965.

Sigfús Sigfússon (1945). *Þjóðsögur og sagnir VII*. Reykjavík.

Sveinn Ólafsson. *Kirkjulækur, Ásmundarstaðir, Kirkjuból*. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1930-1931. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976. (SJM)

Ögmundur Helgason (1983). *Ágrip af sögu Norðfjarðarhrepps til 1895*. Reykjavík. Lokaritgerð (kandídatpróf) við Háskóla Íslands.

Ögmundur Helgason (2006). *Norðfjarðarsaga I. Frá upphafi byggðar til 1895*. Bókaútgáfan Hólar.

Óprentaðar heimildir

Guðný Zoëga og Mjöll Snæsdóttir. *Fornleifarannsókn í Fjarðabyggð 1999*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands.

Túnakort Eskifjarðar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Fannardals (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Þorbergs Guðmundssonar. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖF**)

Örnefnaskrá Fannardals (með viðbótum). Þorbergur Guðmundsson. Örnefnastofnun. (**ÖÞG**)

Örnefnaskrá Hóla (1931). Eyþór Þórðarson skráði en Sigfús Þorsteinsson safnaði örnefnum. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖH**)

Örnefnaskrá Skálateiga (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir Magnúsi Guðmundssyni. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖS**)

Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931). Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands. (**ÖSK**)

Örnefni Eskifjarðar. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Heimasíður

Heimasíða Þjóðskjalasafns Íslands: skjalasafn.is/manntol. Skoðað þann 13. desember 2007.

Viðauki


Hnitalisti, kort, helstu minjaflokkar

Listi yfir hnit

Jörð	Númer	Sérheiti	Hlutverk	Austun	Norðun
<i>Minjar á Norðfirði</i>					
Skorrastaður	158171 93-1	Hálshús	Beitarhús	741270,300	523041,520
Skorrastaður	158171 93-2	Hálshús	Beitarhús	741252,948	523038,212
Skorrastaður	158171 93-3	Hálshús	Kofi	741289,010	523039,500
Skorrastaður	158171 93-4		Leið	741266,990	523027,250
Skorrastaður	158171 93-5		Kofi/Smalakofi	740753,390	523136,950
Neðri-Skálateigur	158164 98-1		Bæjarstæði	743453,230	523794,030
Neðri-Skálateigur	158164 98-2		Garðlag	Horfið	
Kirkjuból	158160 99-1		Sundlaug	742138,170	523404,140
Kirkjuból	158160 99-2		Leið	741694,120	523361,720
Kirkjuból	158160 99-3		Fjánhús	74168,868	523390,100
Kirkjuból	158160 99-4		Tóft, heytóft	741545,134	523364,353
Kirkjuból	158160 99-5		Kofatóft	741492,614	523343,085
Kirkjuból	158160 99-6		Kofatóft	741444,313	523342,522
Kirkjuból	158160 99-7		Rétt	741399,328	523366,527
Kirkjuból	158160 99-8		Mógrafir	741662,272	523338,166
Hólar	158157 100-1		Matjurtagarður/Rétt	Horfið	
Hólar	158157 100-2		Tóft	739605,974	523566,321
Hólar	158157 100-3		Rétt	Horfið	
Hólar	158157 100-4		Beitarhús	738857,300	523513,210
Hólar	158157 100-5	Stekkur	Stekkur	Horfið	
Hólar	158157 100-6	Króarhraun		739472,120	523584,606
Tandrastaðir	158179 101-1		Bústaður	738214,930	524154,930
Fannardalur	158152 96-1		Bústaður	737219,280	524270,110
Fannardalur	158152 96-2		Fjánhús	737186,000	524359,610
Fannardalur	158152 96-3	Völvuleiði	Leiði	737254,240	524323,130
Fannardalur	158152 96-4	Myllubali	Mylla	Horfið	
Fannardalur	158152 96-5		Fjánhús	737092,500	524324,320
Fannardalur	158152 96-6		Garðlag/Aveita	737158,000	524393,600
Fannardalur	158152 96-7		Túngarður	737120,710	524353,400
Fannardalur	158152 96-8		Beitarhús	736782,260	524310,910
Fannardalur	158152 96-9		Útihús	736750,490	524217,190
Fannardalur	158152 96-10		Kofi/Heytóft	736680,010	524260,990
Fannardalur	158152 96-11		Kofi/Heytóft	736630,900	524297,130
Fannardalur	158152 96-12		Kofi/Heytóft	736598,910	524263,410
Fannardalur	158152 96-13		Sauðahús	737267,900	523832,760
Fannardalur	158152 96-14		Rétt	737637,000	523866,760
Fannardalur	158152 96-15		Hlaða/heytoft?	735254,900	524048,300
Fannardalur	158152 96-16		Stekkur	735681,120	524032,410
Fannardalur	158152 96-17		Tóft	736384,705	523969,233
Fannardalur	158152 96-18		Hesthús	Horfið	
Fannardalur	158152 96-19		Beitarhús	Horfið?	
<i>Minjar á Eskifirði</i>					
Eskifjörður	155959 130-1	Eskifjörður	Bæjarstæði	732674,300	518234,630
Eskifjörður	155959 130-2		Útihús	732796,939	518321,860
Eskifjörður	155959 130-3		Mylla	732712,490	518321,860
Eskifjörður	155959 130-6	Kvíaklettur	Kvíar	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-7		Útihús	732763,020	518301,820
Eskifjörður	155959 130-9		Matjurtagarður	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-19	Bakki	Bæjarstæði	Horfið	
Eskifjörður	155959 130-24		Rétt?	731995,080	518464,440
Eskifjörður	155959 130-25		Stekkur	732037,230	518463,220
Eskifjörður	155959 130-38		Útihús	732795,710	518317,890

	Minjar á rannsóknarsvæði
	Minjar á jaðri rannsóknarsvæðis
	Horfnar minjar

Yfirlitsmynd yfir útlínur
rannsóknarsvæðis



0 500 1.000 1.500
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga

Norðfjörður

Fannardalur

Tandrastaðir

Hólar

Kirkjuból

Neðri-Skálateigur

Efri-Skálateigur 1

Efri-Skálateigur 2


Eskifjörður

Veturhús

Byggðarholt

Eskifjörður

rannsóknarsvæði




Minjar í Norðfirði

● Minjar

0 500 1.000 1.500
m



© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga




Minjar í Eskifirði

● **Minjar**

0 50 100 150
m

© 2007 Byggðasafn Skagfirðinga



155959 130-24

155959 130-25

155959 130-2

155959 130-3

155959 130-38

155959 130-7

Eskifjörður

Hesthústún

155959 130-1

Bakkatún

raunsoeknarsvaedi



Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafraðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á *alkirkjum*, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á *hálfkirkjum*, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á *fjórðungs-* og *þriðjungskirkjum* var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík nema að fenginni sérstakri undanþágu.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við

veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlategur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateg. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlategar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripaheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímam til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fódra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjársborgir: Fjársborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjæiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og

Því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.



Byggðasafn Skagfirðinga
2007